

15. gr.

Eftirlitsmenn hitaveitunnar skulu hvenær sem er hafa frjálstan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 432, 16. september 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 11. september 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ**um ferliverk.**

1. gr.

Með ferliverkum er átt við þá læknismeðferð sem sjúklingur er veitt á læknastofum eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum.

Með læknismeðferð er hér m.a. átt við skoðanir, rannsóknir, lyfja- og geislameðferð svo og skurðlækningar.

2. gr.

Fyrir ferliverk, sbr 1. gr., greiðir sjúklingur gjald í samræmi við reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og gildir þá einu þótt næturdvöl kunni að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum. Ferliverk eru ekki gjaldskyld í þessu sambandi þegar þau eru veitt sjúklingi sem liggur á sjúkrahúsi af öðrum orsökum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. september 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.